# Þingsályktun

**um stuðning við alþjóðasamþykktir um vernd heilbrigðisstarfsfólks á átakasvæðum.**

---

Alþingi skorar á alla hlutaðeigandi aðila að virða undantekningarlaust alþjóðasamþykktir um vernd heilbrigðisstarfsfólks, heilbrigðisþjónustu og neyðaraðstoðar á átakasvæðum. Jafnframt fordæmir Alþingi árásir á sjúkrahús, sjúkraskýli og veitendur neyðaraðstoðar á átakasvæðum, lýsir stuðningi við alþjóðalög og alþjóðasamþykktir gegn slíku athæfi og felur ríkisstjórninni að bera fram andmæli við þess háttar brotum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. október 2016.*